



REN1A05

Námsáætlun, vorönn 2020

Kennari/kennarar:

Ellert Danélfusson

Netfang/netföng:

ellert@bhs.is

Lýsing:

Kennt er á hefðbundinn rennibekk, fræsivél og borvél. Kennslan er einstaklingsmiðuð og eru öryggismál veigamikill þáttur námsins. Samhliða verklegri kennslu er bókleg kennsla. Námið byggir á verkefnalausnum, verk- og bóklegum.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingar

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

Öryggismálum og umhirðu spóntökuvéla.

Mismunandi hlutum spóntökuvélanna, tilgangi þeirra og möguleikum.

Stillimöguleika rennibekkjarins við mismunandi verkþætti.

Helstu uppspenniaðferðum í rennibekk og fræsara.

Muninum á mismunandi gerðum rennistáls og í hvaða tilgangi þau eru notuð.

Mikilvægi þess að gæta ávallt fyllsta öryggis þegar unnið er með spóntökuvélar.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

Leysa einföld verkefni í rennibekk innan 0,1 mm málvika.

Skrúfuskera með tappa og bakka í rennibekk.

Skrúfuskera öxul með skrúfuskurðarstáli.

Fræsa mismunandi kanta á öxul ásamt því að fræsa kílspori.

Sinna umhirðu rennibekks og fræsivélar á fullnægjandi hátt.

Hæfniviðmið

- Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- Gæta ávallt fyllsta öryggis þegar unnið er við spóntökuvélar.
- Reikna út snúnings- og skurðhraða samkvæmt tölum.
- Finna réttan skurð- og snúningshraða og velja rétt verkfæri við lausn mismunandi verkefna.
- Leita ráða hjá reyndum mönnum þegar það á við.
- Gera stutta greinargerð um verkefni sem unnin eru þar sem fram koma upplýsingar um efnistöð, véla -og verkfæra-aval, framvindu verks og vinnslutíma.

**Námsmat:**

Námsmatið er smíðaverkefni ásamt heimaprófi.

Smíðaverkefni.....70%

Heimaprófið.....30%

Námsgögn:

Rennismíði fyrir grunnnám málmíðna eftir Þór Pálsson.

Nemendur verða að útvega sér sitt eigið rennimál, hlífðarfatnað og öryggisskó

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur skulu koma í viðeigandi fötum (olía og spónn geta eyðilagt fatnað)

Skila verkfærum á sinn stað við vélar.

Það á alltaf að þrifa vélar og verkstæði í lok hvers tíma. Fyrir hverjar 5 einingar í áfanga liggja að baki u.þ.b 105 klst í vinnu nemenda.

Nemendur munu vinna verkefni í tímum sem og utan þeirra.

Námsefnið er umfangsmikið og því nauðsynlegt að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð og námsaga. Gert er ráð fyrir tveimur til þremur tímum á viku í nám utan kennslustunda.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
2	7.-10. janúar		
3	18. janúar	Verklegt – bóklegt: kaflar 1-4	
4	25. janúar	Verklegt – bóklegt: kaflar 5-8	
5	1. febrúar	Verklegt – bóklegt: kaflar 9-12	
6	8. febrúar	Verklegt – bóklegt: kaflar 13-17	
7	15. febrúar	Engin kennsla! Heimapróf	Varða 1 Skóhlífadagar
8	22. febrúar	Verklegt – heimaprófi skilað	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.